



Kæru foreldrar.

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun skólagöngu milli ykkar og starfsfólks skólans. Barnið ykkar þarf að fá góðan tíma til að kynnst deildinni sinni, umhverfinu, starfsfólki og barnahóp.

Við þátttökuaðlögun er tiltekinn upphafsdagur skólagöngu barnsins og þann dag mætið þið foreldrar og börnin saman í skólann. Það sem felst í ykkar starfi þessa aðlögunardaga er að aðstoða barnið ykkar í morgunmat einn dag og hádegismat einn dag, klæða það út/inn, skipta á barninu og vera til staðar. Þessa daga eru kennarar meira sem áhorfendur en eru að sjálfsgöðu með ykkur í þessu ferli, bera ábyrgð á öllu dagskipulagi og deila út verkefnum.

Dagur 1. Mæting kl. 09:00 – 11:00. Foreldri er með barninu allan tímann. Deildin, skólinn og útisvæði skoðað.

Dagur 2. Mæting kl. 09:00-12:00. Foreldri er með barninu allan tímann og tekur þátt í starfi skólans. Endað er á hádegismat áður en farið er heim.

Dagur 3. Mæting kl. 8:00-14:00. Foreldri er með barninu frá 08:00 – 11:00 og tekur þátt í starfi skólans þar til það kveður barnið.

Dagur 4. Mæting 08:15 – 15:00. Foreldrar kveðja barnið fljótlega eftir að komið er í skólann.

Dagur 5. Mæting eins og vistunartími barns gerir ráð fyrir en barnið er sótt í fyrra lagi þennan fyrsta heila dag.

Það er aðeins gert ráð fyrir að annað foreldri sé með í aðlöguninni hvern dag en foreldrar geta skipst á að mæta sitt hvorn daginn.

Af virðingu við börnin og starfsemi skólans er ekki leyfilegt að vera með GSM síma á meðan aðlögun stendur. Einnig er ekki leyfilegt að taka myndir af öðrum börnum en ykkar eigin börnum samkvæmt persónuverndarlögum.

Mikilvægt er að þið virðið þær reglur sem eru viðhafðar á deildinni og í skólanum almennt.

Þá eruð þið og gestir vinsamlegast beðin um að gæta þagmælsku og trúmennsku við skólann og ræða ekki annars staðar það sem þið sjáið og heyrið varðandi persónuleg málefni annarra foreldra, barna eða kennara.

Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um skipulag skólans og sjá kennara í verki. Þeir kynnst ekki bara kennurum heldur öðrum börnum og foreldrum. Meðal kosta sem kennarar sjá við þátttökuaðlögunina er að það skapast meiri nánd við foreldrana.

Bestu kveðjur með von um árangursríkt samstarf, kennarar Naustatjarnar.